

# STJÓRNARTÍÐINDI A 10 — 1969

---

---

Nr. 25.

232

23. apríl 1969.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út B-flokk hlutamiða, svo og nýjan flokk, C-flokk, sem háðir séu tengdir við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

Nr. 26.

2. maí 1969.

## L Ö G

um eftirlaun forseta Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sá, sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands, á rétt til launa eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964 — í fyrstu 6 mánuði eftir að hann lætur af embætti. Nú tekur hann stöðu í þjónustu ríkisins og fellur þá niður þessi launagreiðsla, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

Þegar sá, er gegnt hefur embætti forseta Íslands samkvæmt framansögðu, hefur náð 65 ára aldri eða er öryrki og hefur látið af embætti, á hann að sex mánaða tím-  
anum liðnum rétt til eftirlauna.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964. Ef hann hefur gegnt embættinu í meir en eitt kjörtímabil, skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar, hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna, sem hann naut. Sömu eftirlaun skal hún fá eftir lát manns síns, enda þótt hann hafi ekki náð 65 ára aldri, er hann lézt.

Undanþága samkvæmt 2. gr. laga um laun forseta Íslands nær ekki til eftirlaunanna.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. maí 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

2. maí 1969.

Nr. 27.

## L Ö G

### um Handritastofnun Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur Handritastofnunar Íslands er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðiritu og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

3. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin hefur tekið við starfi handritaútgáfunefndar háskólans.